

lögbirtingu dóms þessa að telja. Einnig greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óparfur dráttur orðið.

Föstudaginn 14. marz 1930.

Nr. 7/1930.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Halldóri Halldórssyni (L. Jóhannesson).

Brot gegn tilskipun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. nóvbr. 1929: Kærði, Halldór Halldórsson frá Stokkseyri, á að vera sýkn í máli þessu af kærnum hins opinbera.

Málskostnaður greiðist af almanna fé.

Dómur hæstaréttar.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 18. marz f. á. kærði einn af hásetum á vélbátnum Gullfoss, sem haldið var úti frá Vestmannaeyjum vetrarvertíðina 1929, yfir því, að báturinn væri lekur, bjargtæki engin og vélin oft í ólagi. Varð þetta til þess, að lögreglustjórinn útnefndi 2 menn til að skoða bátinn. Lýsa skoðunarmennirnir bátnum þannig, að efsta byrðingsborðið stjórnborðsmegin að aftanverðu hafi klofnað á ca. 2ja metra löngum kafla þannig, að rifan sé mikið opin og borðin gengin á misvíxl, og geti því orsakað mikinn leka, að þilfarið sé lekt á nokkrum stöðum, frágangur á lestarlúkum mjög slæmur, stýris-sveifin laus á stýrinu, engin bjargbelti fylgi bátnum og einn bjarghringur, sem í bátnum hafi verið, með ónýtri klæðningu og sé því ónothæfur, áttaviti ó-ábyggilegur, að minnsta kosti vanti talsvert af vökva á hann og þokulúður alónýtur.

Loks taka þeir fram í skoðunargjörð sinni, að vél-in í bátnum sé að vísu gömul og slitin en þeir álíti þó, að hún geti með góðri hirðingu gengið út ver-tíðina, þ. e. til 11. maí.

Kærði, Halldór Halldórsson, er var formaður á bát-n-um, hefir fyrir lögregluréttinum kannazt við það, að báturinn hafi 11. eða 12. s. m. orðið fyrir ásiglingu og þá hafi borðið í byrðingnum rifnað á 2—2½ feta kafla og að hann hafi farið í 2 róðra á bátnum, án þess að láta gjöra við byrðinginn; heldur hann því fram, að enginn leki hafi verið um rifu þessa, enda hafi hann í bæði skiftin farið stutt frá landi, um 20 mínútna ferð. Hann kannazt og við það, að honum hafi verið kunnugt um þilfarslekann; hafi verið reynt að gjöra við hann, en það hafi komið að litlu gagni. — Hann kannazt og við það, að bjargbelti hafi engin verið í bátnum, en það hafi stafað af því, að þau hafi ekki fengizt í verzlunum; hafi einn eigandi bátsins ætlað að útvega þau frá Reykjavík, en þau hafi enn verið ókomin. Þá neitar hann því eigi, að bjarg-hringurinn hafi verið ónothæfur og þokulúðurinn ónýt-ur og um áttavítann segir hann það eitt, að hann hafi ekki orðið var við, að hann væri í ólagi.

Það verður nú að teljast óforsvaranlegt að leggja bátnum í því ástandi, sem skoðunarmennirnir lýsa honum, út á opið haf, þótt eigi hafi verið farið lengra en 20 mínútna ferð út frá landi, enda er svo fyrirmælt í 59. gr. tilsk. nr. 43, 20. nóv. 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, að bolur skips, sem lagt er úr höfn, skuli vera vatnsheldur og full-traustur, en því var eigi til að dreifa eins og hér stóð á. Þá er það brot á 64. gr. sömu tilskipunar að halda bátnum úti á fiskiveiðum á annan mánuð án þess að hafa fyrirskipuð bjargbelti á bátnum og er

það eigi næg afsökun, þótt bjargbeltin hafi ekki fengið í Vestmannaeyjum, þá er báturinn var skoðaður 7. febr. 1929. Það er og brot á sömu grein tilskipunarinnar að hirða eigi um viðhald á bjarghringnum eða fá nýjan, er hinn gamli var orðinn ónothæfur. Enn er það vítavert hirðuleysi kærða að hafa eigi nægilegt eftirlit með, að áttavitinn væri í nothæfu standi. Hinsvegar verður eigi talið, að vél bátsins hafi verið í svo slæmu ástandi, að það varði ábyrgðar.

Málssókn þessari hefir eigi verið beint gegn eigendum eða útgjörðarmanni bátsins, heldur gegn formanni á honum, hinum kærða, og ber hann samkvæmt 3. gr. laga nr. 37, 19. júní 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, ábyrgð á því, að báturinn væri í sjófæru standi og að honum fylgdu fyrirskipuð tæki. Ákveðst refsing kærða samkv. 30. gr. nefndra laga 200 kr. sekt til rikissjóðs og komi í stað sektarinnar 15 daga einfalt fangelsi verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, er ákveðast 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Halldór Halldórsson, sæti 200 kr. sekt til rikissjóðs og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutn-

ingsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn kærða, Halldóri Halldórssyni frá Stokkseyri, fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra frá 19. júní 1929, og eru málsatvik þessi.

Vélbáturinn »Gullfoss«, um 11 smálestir, var haldið út héðan úr Eyjum síðastliðinn vetur. Kærði var formaður á bátnum. 18. marz s.l. skýrði einn hásetanna á bátnum frá því fyrir lögreglurétti, að hann 16. s. m. hefði verið rekinn úr skiprúmi á »Gullfoss« fyrir þá sök, að hann krafðist aðgjörðar á bátnum sjálfum, og að bætt yrði úr ýmsu, er bátnum væri áfátt. Háseti þessi, Björgólfur Sigurðsson að nafni, taldi, að »stórkostlegur« lekastaður hafi verið á bátnum, þar eð borð eitt var brotið stjórnborðsmegin, og að þilfarsleki hafi verið á honum. Þá skýrði Björgólfur svo frá, að vélin hafi stöðvazt nálega í hverjum róðri og stundum oft, en sjaldan lengi. Loks sagði Björgólfur, að engin lífbelti hafi fylgt bátnum, einn lélegur bjarghringur, og komið hafi fyrir að báturinn hafi verið fótulaus.

Skulu nú þessi kæruatriði athuguð.

Magnús Einarsson vélamaður á bátnum hefir gefið þá skýrslu fyrir réttinum, að vélin hafi stundum stöðvazt, en það komi ekki fyrir, þegar hún sé í fullum gangi, en þegar verið er í andófi og þá stutta stund. Þó tekur vélamaður fram, að einu sinni á vertíðinni hafi vélin stöðvazt í einn klukkutíma. Telur hann vélina forsvaranlega. Undir rekstri málsins 18. marz þ. á. voru tveir menn sérstaklega skipaðir til þess að athuga bátinn, og hafa þeir látið þá skoðun í ljósi um vélina, að »hún gæti gengið með góðri þössun þetta úthald, þ. e. a. s. til 11. maí næst«.

Samkvæmt þessum skýrslum verður ekki talið, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn ofangreindum lögum um eftirlit með skipum, enda þótt vélin hafi ekki verið í sem bestu lagi.

Þá er upplýst í málinu, að m/b. »Glaður« sigldi á bát kærða,

og rifnaði efsta borðið á bátnum stjórnborðsmegin á hér um bil »2 metra svæði« að því er skoðunarmenn þeir skýra frá, er útnefndir voru 18. marz þ. á., til þess að skoða bátinn. Kærði fór í 2 róðra með bátinn til netja, án þess að láta gjöra við hann. En þar eð upplýst er, að ekki var nema 20 mínútna ferð út að netunum, þykir eftir atvikum ekki nægileg ástæða vera til þess að láta kærða sæta ábyrgð fyrir þennan drátt á viðgjörð á bátnum.

Kærði kannast við, að í einum róðri hafi vantað fötu í bátinn, en ástæðuna til þessa telur kærði þá, að án hans vitundar hafi föturnar verið teknar úr bátnum, en hann ekki veitt því eftirtekt fyrir en hann var kominn út á sjó. Í þetta skifti biluðu dælurnar og var þá haldið í land. Þessum framburði kærða hefir ekki verið hnekk, og þykir því ekki ástæða til þess að láta hann sæta ábyrgð fyrir þetta kæruatriði. Loks hefir kærður kannast við, að lífbelti hafi ekki verið í bátnum, en þar sem upplýst er, að skoðunarmenn leyfðu honum í byrjun að róa einn róður án lífbeltanna, og að einn af eigendum bátsins ætlaði að ná þeim úr Reykjavík — en úr því varð ekki — þá þykir yfirsjón þessi ekki svo alvarleg, að kærði verði látinn sæta ábyrgð fyrir hana.

Samkvæmt framanskráðu ber að sýkna kærða, Halldór Halldórsson, fyrir kærnum hins opinbera í máli þessu.

Málskostnaður greiðist af almanna fé.

Mánudaginn 17. marz 1930.

Nr. 73/1929.

Sparisjóður Norðfjarðar

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Jóni E. Sigurðssyni og skiftaráðand-
anum í Suður-Múlasýslu, f. h. prota-
bús h/f. Eljan á Norðfirði** (Enginn).

Frávisun.

Dómur sjóréttar Suður-Múlasýslu 12. júní 1928:
Stefndur, skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu, f. h. protabús
h/f. Eljan á Norðfirði, greiði umbjóðanda stefnanda, Jóni E.